

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hafrannsóknarstofnun Stað, Grindavík



Dags eftirlits	14.3.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hafrannsóknarstofnun	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470616-0830	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthias Oddgeirsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	63.816005 -22.526089

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað. Tvö ný frávik frá kröfum sem gerðar eru til stöðvarinnar komu fram í eftirlitinu. Frávik vegna frárennislagnar frá stöðinni og eins frávik vegna seinna skila á niðurstöðum mælinga sem gera átti á haustmánuðum síðasta árs.

Bent var á að uppfæra tilskildar áætlanir sem eiga að liggja fyrir. Eins var bent á að aðskilja ársyfirlit og grænt bókhald og vísa í aðskildar greinar í starfsleyfinu við skil á gögnum til stofnunarinnar. Bent var á að rekstraraðili skal nota lekabyttu við geymslu fljóttandi efna í efnageymslu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í tilraunaeldi Hafrannsóknastofnunar að Stað í Grindavík. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 23. maí 2019 og gildir til 23. maí 2035. Lóð stöðvarinnar er deiliskipulögð og starfsemin er í samræmi við deiliskipulag. Deiliskipulag lóðar tilraunastöðvarinnar (nr. 4 og 4b á uppdrætti) var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur þann 26. maí 2016.

Um landeldi er að ræða og öll starfsemi Hafrannsóknastofnunar innandyrá. Frárennislögn er um 100 metrar og endar ofarlega í voginum neðan stöðvarinnar. Útrásin er á skyldum stað vestast í Staðarbót enda grjótgardur sunnan og austan þess staðar þar sem frárennislögnin endar í fjörinni.

Rekstraraðila var bent á kröfur til frárennislagna í reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, greinar 9.2 og 9.7

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Áherslverkefni Umhverfisstofnunar um mengaðan úrgang
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir

1. Síðasta eftirlit Umhverfisstofnunar var 2021 og komu þá fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram árið 2020. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

2. Í eftirlitinu kom fram að frárennislögn stöðvarinnar uppfyllir ekki kröfur í reglugerð nr. 798/1999, grein 9, og ekki hefur verið sótt um annað fyrirkomulag eins og heimilt er ef ómögulegt er vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Frávik er skrá á þetta atriði.

3. Starfsleyfið gerir ráð fyrir sýnatöku og mælingum á svifefnum og lífrænu efni (TOC, COD eða BOD5) á þriggja ára fresti. Síðast átti að mæla á haustmánuðum 2022. Ekki hefur enn verið mælt en rekstraraðili ætlar að setja ferlið strax af stað. Frávik er skráð á þetta atriði.

4. Farið var yfir áætlanir sem liggja skulu fyrir í starfsstöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (sjá gr. 1.5), neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks ef til kæmi óvænt stöðvun eða massadaði (sjá gr. 2.6) og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og strandar (sjá gr. 2.5). Ábendingar voru gerðar og ætlar rekstraraðili að uppfæra áætlanirnar.

Rekstraraðila var bent á að aðskilja skýrslu um ársyfirlit (sjá gr. 4.4) og skýrslu um grænt bókhald (sjá gr. 4.5) og skila þeim aðskildum til Umhverfisstofnunar á netfangið ust@ust.is

Í ársyfirliti rekstraraðila fyrir árið 2021 kemur fram að lífmassaaukning ársins var um 4 tonn og fóðurnotkun var 3,2 tonn.

Í starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir fosfór í frárennslu, þ.e. 9 kg/tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðili er losar 27,8 kg af fosfór á ári (á uppleystu og í föstu formi), eða innan við 7 kg/framleitt tonn.

5. Efnanotkun er lítil og engin lyf eru notuð. Skoðuð var efnageymsla og var gerð ábending um að nota lekabyttu í

efnageymslu.

Allt sorp fer til flokkunar og brennslu í Kólku en dauðfiskur fer til fóðurgerðar í Skinnfisk. Umbúðir hreinsiefna og fóðurs fóru einnig til Kólku.

6. Farið var yfir nýtt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um skráningar á hugsanlegum menguðum svæðum á starfssvæðum rekstraraðila. Engin þekkt mengun er á eða við starfsstöð Hafrannsóknastofnunar á Stað í Grindavík.

7. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2024).

8. Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, grein 9.2 um lagnir.

Frárennislögn endar efst í fjöru í skýldum vogi við Staðarbót. Ekki hefur verið sótt um undanþágu vegna landfræðilegra aðstæðna.

ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi

Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni í frárennsli á þriggja ára fresti með upphafsár 2019. Mælingar sem gera átti ári 2022 voru ekki gerðar á tilsettum tíma.

ÁBENDINGAR

Bent var á:

1. að uppfæra tilskildar áætlanir sem eiga að liggja fyrir.
2. að aðskilja ársyfirlit og grænt bókhald og vísa í aðskildar greinar í starfsleyfinu við skil á gögnum til stofnunarinnar.
3. að nota lekabyttu við geymslu fljótandi efna í efnageymslu.

ANNAÐ

Áætlanir hafa nú borist stofnuninni til yfirlustrar.

Eins hafa ársyfirlit vegna 2022 og grænt bókhald vegna 2022 nú borist.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.04.2023



Gottskálk Friðgeirsson